

TINNA

Tækifæri til betra lífs

Úrræði fyrir einstæða foreldra og börn þeirra



Ársskýrsla 2025

**Samstarfsverkefni Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Velferðarsviðs
Reykjavíkurborgar**

Febrúar 2026

Árleg samantektarskýrsla vegna TINNU fyrir árið 2025

TINNA samstarfsverkefni Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Á síðastliðnum árum hefur TINNA þróast frá því að vera úrræði fyrir unga, einstæða foreldra með fjárhagsaðstoð til framfærslu sem búsettir eru í Breiðholti, yfir í að einstæðir foreldrar í öllum hverfum borgarinnar geta tekið þátt og seinni ár hefur verið lögð áhersla á þá einstæðu foreldra sem eru fá endurhæfingarlífeyrir v. þátttöku í TINNU eða örorkulífeyri. Konur með lögheimili utan Reykjavíkur en með aðsetur á áfangahæðum Kvennaathvarfsins í Reykjavík geta einnig tekið þátt í TINNU. Jafnframt geta konur úr Ellunni, húsnæðisúrræði Reykjavíkurborgar fyrir unga einstæða foreldra tekið þátt í virknidagskrá í TINNU. Konur af erlendum uppruna sem eru í samræmdri móttöku flóttafólks getað tekið einnig þátt í virknidagskrá í TINNU.

Áframhald varð á samstarfi við EAPN á Íslandi (grasrótarsamtök einstaklinga í fátækt) en með fjárframlagi Félags- og vinnumarkaðsmálaráðuneytis var mögulegt að efla sumarvirkni, svokallað Fjölskyldufjör, fyrir foreldra úr öllum hverfum í samstarfi við EAPN, foreldrum að kostnaðarlausu. Einnig var boðið upp á opin viðtöl ráðgjafa í Fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi.

Tíu stýrihópsfundir voru haldnir á árinu frá janúar til desember varðandi úthlutun í úrræðið, yfirferð þjónustulýsingar TINNU og framvindu. Einnig var fundað í þrígang með samstarfsaðilum EAPN vegna sumarverkefnisins. Formaður stýrihóps er Elín Oddný Sigurðardóttir, fulltrúi velferðarsviðs.

1. Fjöldi notenda þjónustunnar á liðnu ári.

Á árinu 2025 voru samtals 64 þátttakendur í TINNU með 107 börn. Þar af voru sjö þátttakendur úr Ellunni.

2. Upplýsingar um helstu þjónustupætti hvers notanda.

Mikil þjónusta, mismikil á tímabilum, er í hverju og einu máli. Allir þátttakendur í TINNU fá regluleg viðtöl, símtöl og heimsóknir félagsráðgjafa auk samskipta í tölvupósti eða með öðrum hætti rafrænt. Einnig eru samskipti við fjölskyldur og aðstandendur þátttakenda ef þarf og mikil samvinna er við fjölmarga samstarfsaðila. Má þar nefna lækna og heilsugæslu, umboðsmann skuldara, Félagsbústaði, Stígamót, Bjarkarhlíð, Kvennaathvarfið, Sýslumann, Mími símenntun, leik- grunn- og framhaldsskóla, meðferðarstofnanir, Landspítala, Reykjalund, TR, Virk, SÁÁ, o.fl. Auk þess er samstarf við Barnavernd í ákveðnum málum. Fjöldi þjónustupátta er mismunandi eftir þörfum hvers og eins þátttakenda og mikill stuðningur í mörgum málum. Flestir þátttakendur fá þjónustu vegna fjárhagsaðstoðar, vegna húsnæðismála og eins aðstoð vegna barna. Að auki sækja þátttakendur dagskrá TINNU til að byrja með áður en þeir fara í næsta skref í námi, vinnu eða aðra endurhæfingu.

3. Upplýsingar um nýtingu verkefnisins.

Dagskrá TINNU er skipt upp í þrjár annir og dagskráin tekur mið af þörfum og óskum hópsins hverju sinni. Þátttakendur TINNU hafa margir verið til lengri tíma á fjárhagsaðstoð og sumir hverjir í lítilli virkni. Það að mæta í skipulagða

dagskrá reynist mörgum mjög erfitt og mætingar hafa verið mjög slakar hjá mörgum til að byrja með og er mikil áskorun að virkja þátttakendur.

Einstaklingsáætlun er gerð með hverjum og einum þátttakanda og þar sem það á við er gerð áætlun vegna barna. Sameiginleg virknidagskrá er einnig fjórum sinnum í viku. Þátttakendur í TINNU fara síðan flestir í önnur úrræði; í skóla, hlutastarf, meðferð, frekari endurhæfingu, sjúkrabjálfun í gegnum Virk o.fl. en halda áfram í TINNU samhliða. Ekki er því ætlast til að allir mæti í alla dagskrá TINNU þar sem hver og einn þátttakandi er með sína einstaklingsstundaskrá. Þátttakendur TINNU eru í daglegum eða vikulegum meðferðarviðtölum eftir þörfum auk þess að koma reglulega til félagsráðgjafa ef mikið liggur við eða þegar dagskrá er í gangi. Mjög gott aðgengi er að félagsráðgjöfum TINNU í Fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi en notendur geta leitað beint á skrifstofu félagsráðgjafa, sent tölvupóst og hringt í vinnufarsíma félagsráðgjafa.

Gerð er ákveðin krafa um mætingu í fræðslu og dagskrá í TINNU fyrir þátttakendur sem síðan fara margir í aðra endurhæfingu í framhaldinu. Misjafnt er því hverju sinni hversu margir mæta í fræðslu og dagskrá þar sem staða þátttakenda er mjög ólík. Ekki er gerð krafa um mætingu í dagskrá þegar foreldrar eru í fæðingarorlofi en foreldrar geta síðan mætt með börn í ákveðna virkni ef ekki fæst daggæsla fyrir börn og miðað við að börnin séu orðin þriggja mánaða. Mæting hefur verið góð í verkleg námskeið og lengri námskeið og einnig þegar boðið er upp á eitthvað matarkyns.

Dagskrá TINNU á árinu 2025 var eftirfarandi:

Fasi 29 hófst í 3. janúar 2025 og stóð fram í júní byrjun þegar endað var með grillveislu og útskrift nokkurra þátttakenda og einnig opnun á myndlistarsýningu TINNU þátttakenda sem bara heitið Litríkar mömmur. Fræðslan var af ýmsum toga s.s. um skatta og skyldur, boðið var upp á námskeið í hekli og þrjón, um eftirlit með skjánotkun barna, páskabingó var haldið þar sem þátttakendur sáu um að útvega vinninga ofl.

Lengri námskeið voru meðvirkninámskeið, áfallanámskeiðið TRE (Tension, Stress & Trauma Release), sjálfstyrkingarnámskeið og vatnslita námskeið. Jóga eða önnur hreyfing var í boði einu sinni í viku og farið var í lengri og styttri göngur þegar voraði. Nýmæli var að farið var í sjósund í Nauthólsvík. Einu sinni í viku voru fundir fyrir enskumælandi þátttakendur sérstaklega þar sem m.a. var fræðsla um íslenskt samfélag. Spilað var með börnum í vetrarfríi og einnig mættu börn með í jóga í vetrarfríinu.

Fasi 30 hófst 10. júní og stóð til loka ágúst þegar grunnskólar hófust aftur. Dagskráin var hefðbundin og áhersla á samveru með börnum þar sem grunnskólar voru í fríi og leikskólar lokaðir í fjórar vikur yfir sumartímann. Dagskráin fólst m.a. í styttri göngum, sundi, ferðum á Árbæjarsafnið, á Sjóminjasafnið, á Gerðasafn, í Grasagarðinn, í Öskjuhlíð, í Viðey, í Nauthólsvík, á Klambratún, á Kjarvalsstaði, í Húsdýragarðinn, í Hallgrímskirkjuturn, í Norræna húsið, í Perluna, í Gufunesbæ, farið í frísbíggolf og í Nexus. Spilað var í Gerðubergi þegar rigndi, farið í boccia inni, bakaðar vöfflur, grillað og borðað saman. Sumarhátíð var haldin í Gerðubergi í samstarfi við EAPN á Íslandi 14. júlí sem var mjög vel sótt og veðrið frábært þannig að hægt var að vera með

dagskrá úti. Eðlilega voru margir þátttakendur í sumarfrí með fjölskyldunni en gerð var krafa um að tilkynna sumarleyfi.

Fasi 31 hófst 25. ágúst og stóð fram að áramótum. Stök fræðsla var m.a. um heilsu og næringu, skráningu barna í tómstundir, samskipti, fræðsla frá umboðsmanni skuldara, Samvinna eftir skilnað, Skyndihjálpi, seiglu hjá börnum, skólakynningar frá námsráðgjafa o.fl.

Lengri námskeið voru Sjálfstyrkinganámskeiðið Draumar og drekar, listmeðferðarnámskeið og námskeið í Fab Lab. Vikulegir fundir á ensku voru einu sinni í viku auk hreyfingar einu sinni í viku. Fyrir jólin var fönndrað, laufabrauð steikt, málað á piparkökur með börnum og haldin jólagleði.

Áfram var boðið upp á ungarnamömmu hitting hjá fjölskyldumeðferðarfræðingi TINNU einu sinni í viku þar sem mikið af mæðrum með lítil börn voru í TINNU þetta árið.

4. Upplýsingar um stöðu notendanna 64 (við árslok þar sem það á við).

- Þrjár voru með atvinnutekjur á árinu
- Sextán þátttakendur voru með fjárhagsaðstoð
- Þrjátíu og átta voru með endurhæfingarlífeyri
- Sjö voru með örorkulífeyri

5. Fjöldi nýrra notenda á liðnu ári.

Átján þátttakendur hófu þátttöku í TINNU á árinu.

6. Upplýsingar um brottfall notenda úr verkefninu, fjöldi og ástæður.

Fjögur brottföll voru á árinu 2025, einn þátttakandi úr í Ellunni þar sem úrræðið hentaði ekki, einn óskar ekki þjónustu og tveir sem fluttu í önnur sveitarfélög.

7. Upplýsingar um fyrir lagnir matslista.

ASEBA matslistar eru lagðir fyrir þátttakendur áður en þátttaka hefst af ráðgjöfum sem vísa umsækjendum í TINNU og síðan um það bil ári eftir fyrstu fyrir lögn til að meta liðan, virkni og heildaraðlögun þátttakenda og hvort breyting verði á aðstæðum.

EMS (Eigið mat á starfsgetu) er nýtt til að gera áætlanir fyrir hvern og einn þátttakanda og lagt fyrir í byrjun og einstaklings samkomulag (samkomulag um félagslega ráðgjöf eða endurhæfingaráætlun) gerð í framhaldinu fyrir hvern og einn sem er endurskoðað reglulega.

ESTER mót voru ekki nýtt þar sem samþætting er nú í málum barna í TINNU eftir að farsældarlögin tóku gildi auk þess sem Barna- og Fjölskyldustofa er að innleiða Sign of Safety. Samþætting var í málum 25 barna á árinu.

8. Upplýsingar afdrif notenda (nám, vinna o.s.frv.) að lokinni þátttöku í verkefninu.

Samtals voru þátttökulok hjá 22 í úrræðinu á árinu 2025, 18 útskrifast og fjórir hættu:

- Þrír þátttakendur fóru í fullt starf

- Þrír þátttakendur útskrifuðust með örorku í nám
- Einn útskrifaðist með örorku
- Fimm útskrifuðust í nám með endurhæfingu
- Sex útskrifuðust í aðra endurhæfingu s.s. Virk, heimilislækni, geðheilsuteymi, o.fl.
- Tveir fluttu í annað sveitarfélag
- Einn þátttakandi hætti og óskar ekki þjónustu TINNU
- Einn þátttakandi í Ellunni hætti þar sem úrræðið hentaði ekki.

Í árlegri þjónustukönnun sem gerð var af Deild Gæða og rannsókna á velferðarsviði Reykjavíkurborgar í lok árs 2025 segjast 92% þátttakenda treysta starfsfólki TINNU. Þeir sem voru ánægð með ráðgjöfina í TINNU voru 92%. 88% þátttakenda líður vel eða frekar vel í TINNU. 87% töldu að stuðningur og aðgengi að starfsfólki hefði nýst þeim mjög vel eða frekar vel. 84% eru ánægð eða frekar ánægð með námskeið og fræðslu sem þeim stendur tilboða í TINNU. 79% eru ánægð eða frekar ánægð með stuðning vegna barna. Eins og einn þátttakandi sagði sjálfur í könnuninni: „*Virkilega sátt við þetta úrræði, hefur nýst mér og börnunum mínum stórkostlega*“.

TINNA hefur fest sig í sessi sem virkniúrræði sem hefur það að markmiðið að styðja einstæða foreldra sem vilja breytingar fyrir sig og börnin sín og hefur stuðlað að bættum lífsgæðum fjölskyldna sem taka þátt í úrræðinu og er þannig mikilvægur stuðningur fyrir þennan hóp foreldra og barna.

Reykjavík, 9.febrúar 2026

Þuríður Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA og verkefnastjóri TINNU